

185

12. des.

## G J A L D S K R Á

fyrir vatnsveitu Hafnarfjarðar.

Af fasteignamatsverði húsa skal greiða árlegan vatnsskatt 0.6%.

Ef hús, er greiða ber af vatnsskatt, eru ekki virt fasteignamatsverði eða húsin eru utan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, ákveður vatnsveitan skattinn.

Verksmiðjur, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki svo og aðrir, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa, skulu greiða aukavatnsskatt, annað hvort samkvæmt mæli, með 120 aurum fyrir hvern teningsmetra, eða þá skal vatnsveitan ákveða aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun.

Gjald fyrir uppsetningu vatnsmæla:

5—7 m<sup>3</sup> mælir kr. 300.00.  
10—20 — — — 450.00.  
50—80 — — — 750.00.

Leiga fyrir vatnsmæla:

5—7 m<sup>3</sup> mælir kr. 20.00 á mánuði.  
10—20 — — — 25.00 — —  
50—80 — — — 60.00 — —

Gjald fyrir enduroppun heimæðar kr. 100.00.

Gjald fyrir vatn, sem selt er til skipa, er kr. 15.00 fyrir hvern teningsmetra og greiðist við afhendingu.

Sé vatn afgreitt í nætur- eða helgidagavinnu, er afhendingarmanni heimilt að taka sérstaka þóknun vegna þeirrar afgreiðslu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1958.*

Hannibal Valdimarsson.

*Hallgrímur Dalberg.*

186

15. des.

## R E G L U G E R Ð

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurhöfn, nr. 47 8. apríl 1949, sbr. reglugerð nr. 9 14. jan. 1953 og nr. 22 17. febr. 1955.

1. gr.

Lestagjald, samkvæmt 33. gr. reglugerðarinnar, hækki um 30%.

2. gr.

Vitagjald, samkvæmt 34. gr. reglugerðarinnar, hækki um 50%.

3. gr.

Bryggjugjald, samkvæmt 35.—36. gr. reglugerðarinnar, hækki um 50%.